

Menntaskóli í tónlist Sjálfsmatsskýrsla

Skólaárið 2021-2022

Um skólann

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt hágæða tónlistarnám.

Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild, en það gerir nemendum kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum. Einnig fer eftirspurn eftir starfskröftum í fjölbreytt störf innan tónlistarlífsins og tónlistariðnaðar stöðugt vaxandi. MÍT tekur markvisst þátt í þróun atvinnulífs tónlistar með því að mennta þátttakendur og sækjast eftir samvinnu og tengslum við aðila tónlistarlífsins. MÍT býður upp á nám á framhaldsskólastigi en lítur einnig til aðalnámsskrár tónlistarskóla og er miðstöð tónlistarnáms í framhaldsstigi í hljóðfæraleik og söng.

Auk einkakennslu á hljóðfæri, söng og margskonar samspilskennslu er boðið á upp tugi ólíkra námsgreina á hverri önn – allt frá hefðbundnum tónlistarskólanámsgreinum á borð við tónlistarsögu og hljómfærði yfir í hljóðtækni, leiklist, kvikmyndatónsmíðar, verkefnastjórnun og spuna. Skólinn á einnig í samvinnu við aðra framhaldsskóla um ýmis verkefni.

Skólinn er í nánum tengslum við fjölbreytt atvinnulíf tónlistar í gegnum kennara skólans sem margir eru meðal fremstu tónlistarmanna þjóðarinnar, en einnig í gegnum samvinnu og tengsl við fjölmargar stofnanir og starfsemi á borð við Sinfóníuhljómsveit Íslands, Jazzhátíð Reykjavíkur og Félag íslenskra hljómlistarmanna. Skólinn vinnur markvisst að því að auka samvinnu við aðila tónlistarlífsins á breiðum grundvelli.

Skólaárið 2021-2022 var skólinn á fimmta starfsári sínu en skólaárið 2018-2019 fór í fyrsta sinn fram sjálfsmat skólans. Í þessari skýrslu verður gerð grein fyrir þeim þáttum sem lögð var áhersla á í Innra mati Menntaskóla í tónlist skólaárið 2021-2022. Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans en tilgangur þess er fyrst og fremst að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Veturinn 2021-2022 einkenndist að hluta af samkomutakmörkunum vegna COVID-19. Nokkrar kannanir voru lagðar fyrir nemendur, bæði á haust- og vorönn, en einnig voru haldnir vinnu- og stefnumótunarfundir með kennurum skólans.

Hlutverk

Menntaskóli í tónlist býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt tónlistarnám fyrir nemendur sem langar til að gerast atvinnumenn í tónlist, vinna störf í tónlistarlífinu, eða vilja stunda skapandi og krefjandi nám í tónlist. Hlutverk skólans felst í því að undirbúa tónlistarnemendur undir háskólanám og atvinnumennsku í tónlist og jafnframt að veita nemendum staðgóða menntun í tónlist sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur á lífsleiðinni. Í Menntaskóla í tónlist eru öflug klassísk og rytmísk deild en það gerir nemendum betur kleift að móta nám sitt eftir eigin áhugasviðum og hæfileikum. Þannig er auknum kröfum samfélagsins og tónlistarlífsins mætt á áhugaverðan hátt en síaukin eftirspurn er eftir því að tónlistarmenn geti brugðist við ólíkum aðstæðum og séu vel heima í ólíkum tónlistarstefnum (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Markmið

Með námi við Menntaskóla í tónlist er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og lögð áhersla á að veita nemendum trausta grunnmenntun í tónlist, bæði þeim sem hyggjast starfa sem tónlistarmenn, við ýmis störf í tónlistarlífinu og einnig sem undirbúningur undir fjölbreytt nám og störf. Við skólann geta nemendur lokið stúdentsprófi með tónlist sem aðalnámsgrein og stundað áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsskólastigi. Nemendur geta valið á milli þess að sérhæfa sig í klassískri eða rytmískri tónlist í hljóðfæraleik eða söng. Nemendur geta mótað námið að eigin áhugasviði og sótt námskeið á ólíkum sviðum tónlistar. Lögð er sérstök áhersla á samleik og samvinnu nemenda og fá nemendur þjálfun í hljómsveitarleik og fjölbreyttu samspili. Jafnframt er lykilatriði að allir nemendur fái haldgóða kennslu í fræðigreinum tónlistar. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og skapandi einstaklingar. Þar er því boðið upp á breitt námsframboð á ólíkum sviðum tónlistar svo nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum námskeiðum og geti dýpkað þekkingu sína á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Stefna skólans

- Að undirbúa nemendur markvisst undir háskólanám og tónlistarstörf.
- Að veita nemendum staðgóða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel sama hvað þeir taka sér fyrir hendur.
- Að leggja sérstaka rækt við samleik og samvinnu nemenda með því að standa að öfluglu hljómsveitarstarfi og fjölbreyttum samspilsverkefnum í minni og stærri hópum.
- Að skapa frjótt skólaumhverfi þar sem nemendur fá nauðsynlegan undirbúning til að stunda háskólanám í tónlist og starfa sem tónlistarmenn.
- Að ráða færustu sérfræðinga sem völ er á til kennslu.
- Að hvetja nemendur til þess að iðka og hlusta á fjölbreytta tónlist, fara á tónleika, lesa sér til, hrífast og öðlast bættan skilning á listinni sem þeir iðka.
- Að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms og auknum tækifærum fyrir efnilega tónlistarnemendur til að sækja besta tónlistarnám sem völ er á óháð efnahag og búsetu.
- Að auka námsframboð til þess að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til tónlistarmanna í samtímanum.
- Að gefa nemendum tækifæri á aukinni sérhæfingu í ólíkum stíltegundum tónlistar.
- Að bjóða upp á hagnýt námskeið um störf tónlistarmanna.

Nemendur og nám

Eftirfarandi námsbrautir eru í boði við Menntaskóla í tónlist:

Nám til stúdentsprófs

Þar er lagður grunnur að háskólanámi á sviði tónlistar og er námið valkostur fyrir þá sem stefna að því að hafa tónlist að atvinnu. Alls er námið 200 einingar og þar af 98 kjarnagreinar í tónlistargreinum. Nám í almennum bóknámsgreinum á brautinni, 71 eining alls, miðast við skólanámskrá Menntaskólans við Hamrahlíð. Í boði eru þrjár námsbrautir til stúdentsprófs:

1. Stúdentsbraut í klassískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á klassíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði klassískrar tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

2. Stúdentsbraut í rytmískri tónlist.

Á brautinni er megináhersla á rytmíska tónlist en nemendur geta einnig sótt nám á ólíkum tónlistarsviðum og gefst þannig færi á að aðlaga námið eigin þörfum og áhugasviðum.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein svo sem hljóðfæraleik, söng eða bóklegar greinar á sviði rytmískrar tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

3. Stúdentsbraut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámsskeið á ólíkum sviðum tónlistar

Nám til lokaprófs á 3. hæfniprepi.

Lokaprófið krefst 150 eininga í tónlistarnámi. Námið er skipulagt sem grunnmenntun á sviði tónlistar fyrir þá sem hyggjast gerast atvinnumenn í tónlist eða búa sig undir áframhaldandi nám. Brautin hentar þeim nemendum vel sem stunda nám við aðra framhaldsskóla eða hafa áhuga á að stunda áhugavert og krefjandi tónlistarnám á framhaldsstigi. Einnig er unnt að ljúka framhaldsprófi í klassískri tónlist samkvæmt aðalnámsskrá tónlistarskóla. Í boði eru:

1. Almenn braut í klassískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði klassískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

2. Almenn braut í rytmískri tónlist.

Nemendur velja sér aðalnámsgrein sem getur verið hljóðfæraleikur, söngur, tónsmíðar eða fræðigreinar á sviði rytmískrar tónlistar. Valeiningar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja námskeið á ólíkum sviðum tónlistar (Menntaskóli í tónlist, 2018).

3. Almenn braut á popplínu

Námið er einstaklingsmiðað og miðar að því að treysta grunn nemenda í sem flestum hliðum popptónlistar samtímans. Í brautarkjarna eru m.a. lagasmíðar, hljóðtækni, upptökustjórnun, raftónlist og verkefnastjórnun. Gert er ráð fyrir námi á aðalhljóðfæri/söng öll árin. Valgreinar á brautinni gefa nemendum möguleika á að móta námið að eigin þörfum og áhugasviðum og sækja valnámskeið á ólíkum sviðum tónlistar.

Nemendur

Á haustönn 2021 voru 186 nemendur við staðnám í MÍT. Að auki voru 43 gesta- og fjarnámsnemur við skólann. Aldursbil staðnemenda var býsna breitt, þeir yngstu voru 13 ára, fæddir árið 2008 en um 9 nemendur voru fæddir fyrir árið 1991. Flestir eru nemendurnir á hinum dæmigerða aldri framhaldsskólanema en um 25% nemenda var á milli 20 og 30 ára. Nokkuð er um að nemendur á grunnskólaaldri stundi nám við skólann þar sem þeir eru komnir á framhaldsstig í tónlistarnámi (Menntaskóli í tónlist, 2018; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2019).

Starfsfólk

Starfsfólk við skólann skólaárið 2021-2022 voru alls 82 í 27,9 stöðuhlutföllum.

Karlar voru talsvert fleiri í hópi kennara og starfsfólks, en á vorönn voru 33 konur á móti 49 körlum.

Sjálfsmat skóla

Í skólanámskrá Menntaskóla í tónlist er fjallað um sjálfsmat og gæðamál og lagður grunnur að framkvæmd innra mats. Þar segir:

Sjálfsmat skólans er hluti af lögbundinni starfsemi hans. Tilgangur þess er að stuðla að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Sjálfsmat skólans nær til skólastarfsins í heild sinni og í sjálfsmatsskýrslu sem skólinn vinnur árlega er tekið mið af ólíkum þáttum líkt og kennslu, stjórnun, rekstrarþáttum, samskiptum, samvinnu og annarra þátta sem tengjast skólanum. Sjálfsmatið er unnið í nánnum tengslum við skólanámskrá og stefnu skólans. Niðurstöður sjálfsmatsskýrslunnar eru leiðbeinandi fyrir skólaþróun og umbætur í skólastarfinu. Við gerð sjálfsmatsskýrslunnar er tekið mið af starfsmannafundum og starfsmannaviðtölum sem fara fram með reglubundnum hætti. Jafnframt er tekið mið af viðhorfs- og áfangakönnun nemenda. Sjálfsmatið er því samantekt fjölmargra athugana og kannana sem teknar hafa verið saman með hliðsjón af viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins um sjálfsmat. Skólameistari hefur yfirumsjón með sjálfsmati en honum er heimilt að skipa nefnd skipaða kennurum til að vinna að sjálfsmatsskýrslu (Menntaskóli í tónlist, 2018).

Kannanir skólaárið 2021 - 2022

Skólaárið 2021-2022 var lögð áhersla á að kanna viðhorf nemenda til námsins á skólaárinu og að ná bæði utan um bóklegar greinar og einkakennslu en bróðurpartur hljóðfæra- /söngkennslunnar fer fram í einkatímum. Vegna samkomutakmarkana á haustönn var ekki haldinn vinnufundur með kennurum, en úr því var bætt á vorönn þegar röð vinnu- og stefnumótunarfunda var haldin.

Nemendakannanir:

Lagðar voru fyrir tvær kannanir fyrir nemendur á skólaárinu, í nóvember og apríl. Almennt voru nemendur mjög jákvæðir í garð skólans og skólastarfsins. Nemendakannanir eru mjög mikilvæg innsýn í viðhorf nemenda til skólastarfsins og hafa nýst skólastjórnendum einkar vel við stefnumótun og skipulag skólastarfsins.

Nemendakönnun á haustönn

Svarhlutfall var 41%

Spurt var eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT á haustönn?
2. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT
3. Finnst þér kennslan í áföngum sem þú stundar á þessari önn (einkatímar eða hóptímar) ganga vel eða illa varðandi kennslu, námsefni og viðmót kennara? Hvað er það sem gengur vel, eða illa (taktu fram áfangaheiti og kennara)?
4. Er fleira sem þú vilt taka fram varðandi einstaka kennara, áfanga eða annað í skólastarfinu?

1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT á haustönn?

[More Details](#)

● mjög vel	35
● frekar vel	35
● frekar illa	5
● mjög illa	2



2. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT

[More Details](#)

● mjög góð	34
● góð	35
● frekar slök	6
● slök	2



Nemendakönnun að vori

Svarhlutfall var 27,4%

Spurt var eftirfarandi spurninga:

1. Hvernig hefur þér liðið í MÍT á haustönn?
2. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT
3. Finnst þér kennslan í áföngum sem þú stundar á þessari önn (einkatímar eða hóptímar) ganga vel eða illa varðandi kennslu, námsefni og viðmót kennara? Hvað er það sem gengur vel, eða illa (taktu fram áfangageiti og kennara)?
4. Er fleira sem þú vilt taka fram varðandi einstaka kennara, áfanga eða annað í skólastarfinu?

1. Hvernig hefur þér liðið í skólanum á vorönn?

[More Details](#)

● mjög vel	27
● frekar vel	17
● frekar illa	6
● mjög illa	1



2. Þegar á heildina er litið hvernig finnst þér kennslan vera í MÍT

[More Details](#)

● mjög góð	26
● góð	23
● frekar slök	1
● slök	1



Svör við spurningum 3 og 4 voru almennt jákvæð í báðum könnunum, og viðhorf nemenda til kennslunnar og kennara almennt gott. Þó komu fram nokkur atriði sem brugðist var við.

Á vorönn, í apríl og maí, var haldin vinnufundaröð með kennurum skólans þar sem kennarar og skólastjórnendur hittust í minni hópum til þess að ræða skólaþróun, með sérstaka áherslu á

velferð nemenda, samvinnu kennara, breytingar á brautum og útskriftarferli skólans. Fundirnir sem voru fjórir talsins voru vel sóttir og sköpuðust þar góðar umræður um skólastarfið.

Fjarnám og gestanemendur

Fáir nemendur nýttu sér eiginlegt fjarnám við MÍT þegar það var í boði en hins vegar hafa nokkrir tugir nemenda frá öðrum tónlistarskólum á höfuðborgarsvæðinu og nálægum sveitarfélögum stundað gestanám í bóklegum greinum skólans.

Skólinn hélt úti sérstökum fjarnámsvef með umtalsverðum kostnaði á árunum 2017-2021 sem nýttist einnig að ákveðnu leyti sem viðbót við staðkennslu, en sem áður segir stunduðu ekki margir nemendur eiginlegt fjarnám við skólann á hverri önn. Upp komu ýmis vandræði við nýtingu fjarnámsvefsins, og nemendur kvörtuðu m.a. yfir að þurfa að nota önnur kerfi en Innu við námið. Einnig höfðu forráðamenn ekki yfirsýn yfir nám barna sinna innan fjarnámskerfisins.

Á vorönn 2021 var því tekin sú ákvörðun að taka upp kennslukerfi Innu, færa stafrænt námsumhverfi alfarið inn í það kerfi og taka fjarnám skólans til endurskoðunar. Á skólaárinu 2021-2022 var tekið upp kennslukerfi Innu, en það er alveg nýtt umhverfi fyrir kennara skólans. Ákveðið var að bíða með að vinna frekar í fjarnáms möguleikum skólans á meðan kennarar tileinkuðu sér virkni kennslukerfisins. Ljóst er að frekari þróun og ekki síst samtal við tónlistarskóla á landsbyggðinni þarf að eiga sér stað um fjarnámið til þess að það virki sem best fyrir nemendur.

Covid faraldurinn og áhrif þess á skólastarfið

Áhrif heimsfaraldursins sögðu áfram til sín á skólaárinu 2021-2022. Opinberar sóttvarnaraðgerðir og samkomutakmarkanir voru felldar úr gildi þann 25. febrúar en fram að því var ýmist slakað á takmörkunum eða þær hertar. Hægt var að halda uppi staðnámi allt skólaárið, en takmarkanir, ásamt auknum fjölda Covid smita í upphafi vorannar höfðu áhrif á viðburðahald, félagslíf og samspil í stærri hópum, svo sem starf sinfóníuhljómsveitar, sem var ákveðið að fresta fram á haust, og starf stórsveitar. Mikil veikindaförföll nemenda og kennara höfðu áhrif á samfellu og stöðugleika í kennslu, og námi nemenda.

Helstu áherslur í skólaþróun

Stjórnun og skipulag

Starf skrifstofu:

Starf og fyrirkomulag á skrifstofu skólans var í föstum skorðum fram á vor, en þá sagði aðstoðarskólameistari rytmískrar deildar upp sinni stöðu og tók við stöðu innan LHÍ. Í kjölfarið var ráðist í að endurskoða skipurit skólans og var þeirri vinnu lokið í upphafi haustannar 2022.

Starfsáætlun:

Skólastjórnendur unnu þriggja ára starfsáætlun skólans (2021-2024) þar sem skoðaðir voru ólíkir þættir skólastarfsins og mörkuð skýr stefna um þróun skólans á næstu árum. Stefnumótun var unnin jafnhliða fjárhagsáætlunum fyrir sama tímabil.

Útgáfa ársskýrslu:

Eitt af skilyrðum fyrir viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi er að skólarnir sendi Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemi skólans. Útgáfu ársskýrslu MÍT var komið í fastan farveg vorið 2021 og var áfram byggt á þeirri vinnu vorið 2022. Í ársskýrslu kemur fram nákvæmt yfirlit um skólaárið og starfsemi skólans á því tímabili. Skólameistari og áfangastjóri unnu að útgáfu ársskýrslu.

Samstarf við foreldra og nemendur:

Lögð var áhersla á að styðja við nemendafélagið eftir tveggja ára samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs, og skapa sem besta aðstöðu fyrir nemendur miðað við núverandi húsnæðisaðstæður. Nemendaaðstaðan á 2.hæð í Skipholti var tekin í gegn og áhersla lögð á að skapa notalegt umhverfi fyrir samveru og lærdóm. Nemendafélagið var talsvert virkara en síðastliðin tvö ár. Foreldrafélag skólans var ekki virkt skólaárið 2021-2022, en stjórnendur skólans binda miklar vonir við að þegar starfsemi þess kemst aftur af stað muni foreldrafélagið geta stutt við starfsemi skólans og komið að stefnumótun hans í framtíðinni.

Sjálfsmat:

Í skólanámsskrá er fjallað um sjálfsmat og sett fram áætlun um það. Þar segir að „tilgangur sjálfsmats sé að stuðla að framgangi markmiða skóla, meta árangur og stuðla að umbótum.

Sjálfsmatið skal ná til skólastarfsins í heild, kennslu, stjórnunar, rekstrar, samskipta og annara þátta.“ Þar kemur jafnframt fram að skólameistari hafi umsjón með sjálfsmati og að honum sé heimilt að skipa nefnd kennara sem hafi það hlutverk að vinna sjálfsmatskýrslu (Menntaskóli í tónlist, 2018). Í skólanámsskrá var lagður grunnur að hugmyndafræði sjálfsmatsins og á skólaárinu 2018-2019 var í fyrsta sinn unnið innra mat skólans. Nú gefur skólinn út sjálfsmatskýrslu á hverju ári en 3 ára áætlun um sjálfsmat skólans þar sem ólíkir þættir í skólastarfinu verða kannaðir liggur fyrir í starfsáætlun MÍT.

Jafnréttisáætlun

Jafnréttisáætlun MÍT var samþykkt af jafnréttisstofu og mennta- og menningarmálaráðuneytinu í mars 2021 og gildir til 2024. Jafnréttisáætlun Menntaskóla í tónlist byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og á annars vegar um skólann sem vinnustað og hins vegar um skólann sem menntastofnun.

Ýmis markmið jafnréttisáætlunar hafa nú ári eftir samþykkt hennar verið uppfyllt.

- Á haustönn 2021 fór fram athugun á launasetningu kennara með það fyrir augum að undirbúa jafnlaunavottunarferli skólans og að útrýma óútskýrðum launamun meðal starfsmanna skólans. Allir starfsmenn skólans fá nú greitt samkvæmt kjarasamning og tryggt að ekki komi upp staða þar sem óútskýrður launamunur sé milli starfsmanna. Þessar breytingar voru ræddar á starfsmannafundum og átti skólmeistari fund með öllum starfsmönnum sem breytingar á launasetningu átti við.
- Starfsfólk skólans fékk fræðslu frá Samtökunum 78 um málefni trans- og hinsegin fólks á haustönn 2021 og voru tekin ýmis umbótaskref í þeim málum, svo sem að afnema kynjaskipt salerni og að hafa regnbogafána sýnilega í skólahúsnæðinu.
- Á haustönn 2022 stendur til að fá fræðslu fyrir nemendur og kennara um kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Einnig stendur til að setja fram og gera aðgengilegan gátlista fyrir kennara svo þau geti greint stöðu jafnréttismála í sínu fagi. Ljóst er að kynjahlutfall nemenda og kennara skólans má bæta og stefnt er að því að vinna markvisst að því að gera nám í ólíkum deildum skólans aðgengilegra fyrir öll kyn.

Kennsla og námsframboð

Endurskoðun námsbrauta:

Í apríl 2022 sendi Menntaskóli í tónlist sex námsbrautir í viðurkenningarferli hjá Menntamálastofnun. Um er að ræða uppfærðar námsbrautir skólans en brautirnar eru allar byggðar á þeim brautum sem skólinn hefur áður fengið viðurkenningu fyrir.

Nú eru fimm ár síðan skólinn var stofnaður og því var tímabært að yfirfara brautirnar, skoða vel hvað mætti betur fara og uppfæra námsbrautirnar í samræmi við það. Meginmarkmið með breytingunum er að stuðla að eðlilegri námsframvindu og að vinnuframlag nemenda sé metið á eðlilegan hátt. Með breytingunum eiga nemendur að geta útskrifast á eðlilegum námstíma framhaldsskóla (3-4 ár), en reynsla síðustu ára sýndi að nokkuð krefjandi var fyrir nemendur að útskrifast af brautunum á eðlilegum námstíma framhaldsskóla og margir þurftu lengri tíma til þess að ljúka brautunum.

Í tengslum við uppfærslu brautanna fór fram heildarendurskoðun á vinnuframlagi nemenda í áföngum skólans og einingavægi var endurskoðað í samráði við kennara. Ljóst var að einingavægi hafði verið vanmetið í mörgum áföngum skólans og því hefur einingavægi verið breytt svo þau samræmist betur viðmiðum aðalnámskrár framhaldsskóla. Uppfærðar brautir sem nú eru sendar í viðurkenningarferli eiga því að endurspeglar mun betur vinnuframlag nemenda en fyrri brautir. Breytingarnar snúa einnig að því að aðlaga brautirnar betur að þörfum ólíkra nemenda, m.a. með tiliti til aðalhljóðfæris nemenda.

Skólinn hefur lagt áherslu að bæta þjónustu og stuðning við nemendur og í tengslum við það hafa verið settir inn 2 lífsleikniáfangar á allar stúdentsbrautir skólans. Allir nemendur sem útskrifast úr MÍT halda sjálfstæða opinbera tónleika, og gerð hefur verið sú breyting að nú eru tónleikarnir metnir sérstaklega til eininga sem áfangi inn á öllum brautum.

Endurmenntun/símenntun kennara:

Skólinn hefur ekki birt formlega stefnu um endurmenntun kennara. Skólinn býður kennurum reglulega upp á fræðslu og námskeið í ýmsum þáttum sem snúa að skólaþróun og stuðningi við nemendur. Jafnframt eru kennarar hvattir til að sækja sér endurmenntun og kennarar sem ekki hafa lokið kennaramenntun hafa verið hvattir sérstaklega til að bæta við sig menntun í kennslufræði.

Hér er lykilatriði að stuðla að lærdómsmenningu innan skólans, en það á bæði við um kennara, nemendur og stjórnendur. Hvað kennarana varðar er mikilvægt að þeir vinni saman að því að efla námið með hagsmuni nemenda að leiðarljósi og reyni sífellt að bæta

kennsluhætti sína og þekkingu. Hvað stjórnendur áhrærir er mikilvægt að þeir veiti skólasamfélaginu faglega forystu og styðji við endurmenntun og símenntun kennara. Í því efni er bæði mikilvægt að kennarar haldi sér við og sækji sér aukna menntun á sínu sérsviði, en líka að þeir sækji sér aukna menntun á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólinn stefnir að því að móta endurmenntunar/símenntunaráætlun þar sem bæði verður horft til þess að hann bjóði upp á áhugaverð námskeið og fyrirlestra þar sem kennarar geta lært saman og unnið að uppbyggingu skólann. Jafnframt er mikilvægt að kennarar séu hvattir og studdir til þess að sækja sér aukna menntun á sínu sérfræðisviði utan stofnunarinnar og að þeir geti sótt til þess styrki úr starfsmenntunarsjóði FÍH og KÍ.

Notkun á INNU:

Kennslukerfi Innu var að fullu innleitt haustið 2021. Til þess að aðstoða kennara við innleiðinguna fengu þeir tvö námskeið í notkun kennslukerfisins frá starfsfólki Advania.

Kennsluhættir

Unnið verður áfram að því koma á markvissri vinnu milli kennara og nemenda tengda kennsluháttum til að vinna að bættum kennsluháttum og skólabrag.

Skólinn byggir á grunni skólanna tveggja sem stóðu að stofnun hans og margir áfanganna hafa tekið litlum breytingum í langan tíma þrátt fyrir stórar kerfisbreytingar og þá staðreynd að nú starfi skólinn sem framhaldsskóli. Á skólaárinu var unnið áfram í að skoða sérstaklega fræðigreinar heildstætt, bæði hvern áfanga fyrir sig og skólann í heild sinni og vinna saman að því með hópi kennara að yfirfara áfangana, skoða hvað má betur fara og uppfæra áfangana samkvæmt því. Þar er mikilvægt að hafa í huga að skólinn starfar á framhaldsskólastigi og áfangarnir verða að taka mið af því. Í einhverjum áföngum er ennþá verið að kenna efni sem alla jafna er kennt á háskólastigi í tónlist.

Það er líka mikilvægt að hlusta á nemendurna, hvað þau vildu bæta og hvaða hugmyndir þau hafa um námið. Stefnt er að því að nemendur komi í auknum mæli að stefnumótun skólans. Hvað fræðigreinar varðar er mikilvægt að hugsa um hagnýtt gildi þeirra, að þær nýtist þeim í hljóðfæra- og söngnámi og veiti þeim dýpri þekkingu á þeirri tónlist sem þau iðka.

Samstarfsverkefni

Skólastjórnendur hafa sett þá stefnu að auka markvisst samstarf við aðra skóla, stofnanir og tónlistarhátíðir.

- Náið samstarf Menntaskólans við Hamrahlíð og MÍT heldur áfram, bæði um aðgengi MÍT nemenda á stúdentsbraut að kjarnaáföngum í MH, en einnig að félagslífi, kórstarfi og stuðningi námsráðgjafa. Að auki stóð til að sinfóníuhljómsveit MÍT og kór MH stæði sameiginlega að tónleikum á haustönn 2022. Upphaflega stóð til að tónleikarnir yrðu haldnir vorið 2022, en heimsfaraldur COVID kom í veg fyrir að svo gæti orðið.
- Vel heppnað samstarf MÍT og Borgarholtsskóla hélt áfram, en nemendur í verkefnastjórnun hafa unnið með nemendum Borgarholtsskóla í grafískri hönnun og kvikmyndun að verkefnum tengdum sönguppfærslu rytmískrar deildar á vorönn.
- Samstarf við Sinfóníuhljómsveit Íslands var eflt með formlegum hætti, en MÍT er nú skilgreindur sem “heimaskóli” SÍ. Samstarf er um ýmislegt sem tengist Ungsveit SÍ, masterklassa, tónleikasókn nemenda, heimsóknir nemenda á æfingar SÍ og samtvinnum verkefna í MÍT áföngum við starf sinfóníunnar.
- Samstarf við LHÍ jókst á árinu, en skólarnir stóðu m.a. sameiginlega að ráðstefnum, nemendatónleikum og áttu einnig samstarf um kammertónlistarkennslu. Einnig komu kennaranemar LHÍ í starfsnám í MÍT og fengu fræðsu um uppbyggingu námsins.
- Gott samstarf var við Skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar um samspil nemenda, en skólahljómsveitunum bauðst að senda langt komna nemendur í kammertónlistaráfanga MÍT.
- Stofnað var til samstarfs við Djasshátíð Reykjavíkur sem hefst haustið 2022, en nemendahópur úr skólanum var í sjálfbodaliði hátíðarinnar gegn því að fá aðgang að tónleikum, masterklössum og örðum viðburðum hátíðarinnar. Einnig komu fram langt komnir djass-nemendur á komi fram á hátíðinni á sérstökum MÍT viðburði.
- Einnig hefur verið stofnað til samstarfs við Myrka músíkdaga, Norræna músíkdaga og vonast er til að virkja samstarf við enn fleiri stofnanir og aðila í tónlistarlífinu í náinni framtíð.
- Stefnt er að því að kanna möguleika á samstarfi við sambærilega tónlistarframhaldsskóla erlendis á næsta skólaári.

Samskipti og líðan

Menntaskóli í tónlist leggur áherslu á að fylgjast reglulega og markvisst með líðan nemenda, bæði með reglulegum viðtölum við ákveðna nemendahópa, en einnig með reglulegum könnunum sem sendar eru til allra nemenda skólans á hverri önn.

Skólinn hefur brugðist við ákalli um aukinn stuðning við andlega heilsu nemenda með því að þróa og innleiða lífsleikniáfangana við skólann sem sérstaklega er sniðinn að geðrækt og með þarfir tónlistarnema í huga. Einnig höfðu nemendur aðgang að skólasálfræðingi MH, sem jafnframt var kennari lífsleikniáfangans og hefur því ákveðna innsýn í nemendahóp skólans.

Skólinn sérhæfir sig í tónlistarkennslu og hann sameinar vissulega oft nám og áhugamál nemenda. Það er einnig staðreynd að tónlistarnemendur eru oft undir miklu álagi, til þeirra eru gerðar þó nokkrar kröfur um árangur og þeir þurfa margir að takast á við sviðskrekk sem fylgir þeim fjölmörgu tónleikum sem skólinn stendur fyrir. Jafnframt fylgir tónlistarnámi alltaf ákveðið samkeppnisumhverfi sem er mikilvægt að vera meðvitaður um og vinna með á jakvæðan hátt. Það er sjálfsagður partur af tónlistarnámi að takast á við þessar áskoranir og læra að koma fram, en á sama tíma er mjög mikilvægt að skólinn fylgist markvisst með líðan nemenda.

Jafnframt er vonast til þess að endurreisn foreldrafélags skólans muni stuðla að opinni og virkri umræðu við foreldra um skólastarfið og hvernig megi hlúa sem best að velferð og líðan nemenda.

Húsnæði og aðbúnaður

Nú starfar MÍT á tveimur stöðum, í Rauðagerði 27 þar sem rytmíska deildin er til húsa og í Skipholti 33 þar sem klassíska deildin og bróðurpartur skrifstofunnar er til húsa. Það að skólinn sé starfræktur á tveimur stöðum hefur í för með sér mikið óhagræði fyrir nemendurna sem þurfa að koma sér á milli staða, því margir sækja áfanga í báðum deildum skólans. Því til viðbótar kemur að nemendur stúdentsbrautanna sækja nám í bóklegum greinum í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Það getur því komið fyrir að nemendur þurfa að mæta á þrjá staði á sama degi. Allt frá upphafi var stefnt að því að skólinn myndi sameinast undir einu þaki sem fyrst. Fljótlega eftir stofnun skólans var gerð greining á rýmisþörf og hönnuð drög að útfærslu á hentugri skólabyggingu.

Skólastjórnendur hófu á vordögum 2021 óformlegar viðræður við eigindur bakhúss að Skipholti 33 um hugsanlegt samstarf við uppbyggingu og sameiningu deilda skólans í því húsnæði. Sú vinna hélt áfram skólaárið 2021-2022

Ráðist hefur verið í úrbætur á aðstöðu kennara skólans í Skipholti 33, en lengi hefur verið kallað eftir úrbótum. Við lok vorannar 2021 var kennarastofa því stækkuð og betrubætt. Einnig var aðstaða nemenda á 2.hæð bætt.

Lykilárangur

MÍT hefur það að markmiði að undirbúa nemendur á sem bestan hátt undir háskólanám í tónlist og veita þeim staðgöða tónlistarmenntun sem nýtist þeim vel, sama hvað þeir taka sér fyrir hendur. Skólinn leggur sérstaka áherslu á samleik og samvinnu nemenda og leggur sérstaka áherslu á að stuðla að jafnrétti til tónlistarnáms óháð efnahag og búsetu (Menntaskóli í tónlist, 2018). Eins og kemur fram í skýrslu ráðuneytisins um ytra mat frá haustinu 2018 er námið í eðli sínu sérnám fyrir úrvalsnemendur í tónlist og nýtur skólinn þó nokkurrar sérstöðu í hinu almenna framhaldsskólaumhverfi. Stofnun skólans markaði nýtt upphaf í tónlistarmenntun á Íslandi þó að skólarnir sem stóðu að stofnun MÍT eigi sér langa sögu.

Lokaorð

Vorið 2022 lauk MÍT sínu fimmta skólaári. Á þessum tíma hefur mikil nýsköpun átt sér stað í tónlistarmenntun innan skólans og kennarar, nemendur og stjórnendur vinna saman að því að byggja upp jákvætt lærdómssamfélag í MÍT. Nú í vetur hafa verið tekin ákveðin skref í að festa skólann enn betur í sessi í framhaldsskólaumhverfinu og nýjar og uppfærðar námsbrautir með ýmsum úrbótum hafa verið sendar í viðurkenningarferli til Menntamálastofnunar.

Umbæturnar eiga eftir að styrkja námið enn frekar og laga það að þörfum og áhugasviðum nemenda. Jafnframt munu breytingarnar stuðla að eðlilegri námsframvindu og fjölga útskriftum við skólann á komandi árum. Í skólanum koma saman um 200 nemendur sem allir leggja stund á tónlist af ástríðu og áhuga. Fjölbreytt námsframboð skólans gefur þeim tækifæri á einstaklingsmiðuðu námi þar sem þau geta mótað námið að eigin áhugasviði og hæfileikum. Markmið skólans er að skapa umhverfi þar sem nemendur geta notið þess atlætis og þjálfunar sem nauðsynleg er til þess að þeir geti þroskast sem listamenn og þátttakendur í

síbreytilegu samfélagi. Miðað er að því að undirbúa nemendur að taka þátt í samfélagi þar sem sífelt meiri áhersla er lögð á skapandi hugsun, frumkvæði og sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Til þess að þetta megi verða er lykilatriði að skólinn komist í hentugt skólahúsnaði sem allra fyrst. Stjórnendur skólans og kennaralið vinnur samhent og af heilum hug að því að byggja upp enn sterkari framhaldsskóla sem mun festa sig í sessi til framtíðar sem lykilstofnun í íslensku tónlistarlífi.

Heimildir

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008.

Lög um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda nr. 87/2008.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). Aðalnámsskrá framhaldsskóla. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2019). Menntaskóli í tónlist – ytra mat á haustönn 2018. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Menntaskóli í tónlist. (2020). Skólanámsskrá 2020-2021. Reykjavík: Menntaskóli í tónlist.